

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna
(fjölgun mismununarþátta), nr. 85/2018.

Frá forsætisráðherra.

1. gr.

Á eftir orðinu „þjóðernisuppruna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

2. gr.

Í stað orðanna „kynþætti og þjóðernisuppruna“ í 2. og 15. gr. laganna kemur: þeim þáttum sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „kynþáttar eða þjóðernisuppruna“ í 1., 2., 3. og 5. tölul. kemur: einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr.
- b. 4. tölul. orðast svo: *Áreitni*: Hegðun sem tengist kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misþjóa virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
- c. Við bætast níu nýir töluliðir, svohljóðandi:
 6. *Lífsskoðun*: Skoðun sem byggist á veraldlegum viðhorfum til lífsins, ákveðnum siðferðisgildum og siðferði ásamt skilgreindri siðfræði og þekkingarfræði.
 7. *Fötlun*: Afleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Skerðingar hlutaðeigandi einstaklings eru langvarandi og hindranirnar til þess fallnar að viðkomandi verði mismunað vegna líkamlegrar, geðrænnar eða vitsmunalegrar skerðingar eða skertrar skynjunar.
 8. *Fatlað fólk*: Fólk með langvarandi líkamlega, geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun sem verður fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra ef aðstoðar nýtur ekki við.
 9. *Aldur*: Lífaldur.
 10. *Kynhneigð*: Geta einstaklings til að laðast að eða verða ástfanginn af öðrum einstaklingi.
 11. *Kynvitund*: Upplifun einstaklings af eigin kyni og skilgreining hans á því.

12. *Kyneinkenni*: Líffræðilegir þættir sem tengjast kyni, svo sem kynlitningar, hormónastarfsemi, kynkirtlar og kynfæri.
13. *Kyntjáning*: Félagsleg tjáning einstaklings á kyni sínu.
14. *Fjölþætt mismunun*: Þegar einstaklingi er mismunandi á grundvelli fleiri en einnar mismununarástæðu sem nýtur verndar samkvæmt lögum þessum, lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Fjölþætt mismunun getur annaðhvort verið samtvinnuð þannig að tvær eða fleiri mismununarástæður skapi sérstakan grundvöll mismununar eða verið tvöföld/margföld þannig að mismununin sé vegna tveggja eða fleiri sjálfstæðra mismununarástæðna.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Hvers kyns mismunun á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, hvort heldur bein eða óbein, vegna einhverra þeirra þátta sem getur um í 1. mgr. 1. gr. er óheimil, sbr. einnig lög um jafna meðferð á vinnumarkaði. Fjölþætt mismunun er einnig óheimil. Fyrirmæli um mismunun vegna einhverra þeirra þátta sem getur um í 1. mgr. 1. gr. teljast einnig mismunun samkvæmt lögum þessum sem og áreitni þegar hún tengist einhverjum þeim þáttum sem um getur í 1. mgr. 1. gr. Neitun um viðeigandi aðlögun sbr. 7. gr. a telst jafnframt mismunun.

Ákvæði í samningi sem fela í sér mismunun vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr. eru ógild.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 7. gr. a og 7. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (7. gr. a.)

Viðeigandi aðlögun.

Nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, skulu gerðar, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að gera fötluðum einstaklingi kleift að geta nýtt sér eða fá notið samfélagsins utan vinnumarkaðar til jafns við aðra.

b. (7. gr. b.)

Frávik vegna aldurs.

Mismunandi meðferð vegna aldurs telst ekki brjóta gegn lögum þessum séu færð fyrir henni málefnaleg rök sem helgast af lögmætu markmiði, þ.m.t. opinberri stefnu eða öðrum markmiðum stjórnvalda, enda gangi slíkar aðgerðir ekki lengra en nauðsynlegt er talið til að ná því markmiði sem stefnt er að.

Ákvæði í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og samningum þar sem sérstök aldursviðmið eru tilgreind telst ekki mismunun ef slíkt er unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði eru viðeigandi og nauðsynlegar.

6. gr.

Í stað orðanna „kynþáttar eða þjóðernisuppruna“ í 1. másl. 8. gr., 1. másl. 9. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Í skólum, öðrum menntastofnunum, á frístundaheimilum og í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi er hvers kyns mismunun vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr. óheimil.
- b. 2. mgr. orðast svo: Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að ekki sé mismunad á grundvelli þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og þau séu einstaklingum af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna, með tiltekna trú eða lífsskoðun, á tilteknum aldri eða vegna fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáníningar, ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Bann við mismunun í skólum og öðrum menntastofnunum, á frístundaheimilum og í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi.*

8. gr.

1. másl. 11. gr. laganna orðast svo: Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skulu sjá til þess að auglýsingin sé einstaklingum af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna, með tiltekna trú eða lífsskoðun, á tilteknum aldri eða vegna fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáníningar, ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar eða stríði á nokkurn hátt gegn jafnri meðferð óháð framangreindum þáttum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði laga þessara ekki gilda um mismunandi meðferð á grundvelli aldurs, sbr. 1. mgr. 1. gr., fyrr en 1. júlí 2023.

10. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna :
 - a. 4. tölul. orðast svo: *Áreitni*: Hegðun sem tengist kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáníngu þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
 - b. 12. tölul. orðast svo: *Kynvitund*: Upplifun einstaklings af eigin kyni og skilgreining hans á því.
 - c. 13. tölul. orðast svo: *Kyneinkenni*: Líffræðilegir þættir sem tengjast kyni, svo sem kynlitningar, hormónastarfsemi, kynkirtlar og kynfæri.
 - d. 14. tölul. orðast svo: *Kyntjáníning*: Félagsleg tjáníning einstaklings á kyni sínu.
 - e. Við bætist nýr tölulíður: *Fjölpætt mismunun*: Þegar einstaklingi er mismunad á grundvelli fleiri en einnar mismununarástæðu sem nýtur verndar samkvæmt lögum þessum, lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Fjölpætt mismunun getur annaðhvort verið samtvinnud þannig að tvær eða fleiri mismununarástæður skapi sérstakan grundvöll mismununar eða verið tvöföld/margföld þannig að mismununin sé vegna tveggja eða fleiri sjálfstæðra mismununarástæðna.
 - f. Við bætist nýr tölulíður: *Fatlað fólk*: fólk með langvarandi líkamlega, geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun sem verður fyrir ýmiss konar hindrunum

sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra ef aðstoðar nýtur ekki við.

- b. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 7. gr. laganna:
 - a. Á eftir 1. másl. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Fjölbætt mismunun er einnig óheimil.
 - b. Við bætist við nýr máslíður, svohljóðandi: Neitun um viðeigandi aðlögun, sbr. 10. gr. telst jafnframt mismunun.

11. gr.

Í stað ákvæðis til bráðabirgða í lögum kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Innan árs frá gildistöku laga þessara skal ráðherra skipa starfshóp til að fjalla sérstaklega um *mismunun vegna tengsla* og mögulegar tillögur til breytinga á lögum þessum og lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, til að koma til móts við þessar háttar mismunun. Skal starfshópurinn skila niðurstöðu til ráðherra svo fljótt sem verða má eftir að hann tekur til starfa. Í starfshópnum skulu meðal annars eiga sæti fulltrúar frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, samtökum atvinnurekenda, heildarsamtökum launafólks og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Ákvæði laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, lúta að jafnri meðferð á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Með jafnri meðferð utan vinnumarkaðar er í lögum meðal annars átt við félagslega vernd, svo sem í tengslum við almannatryggingar, menntun og aðgang almennings að vörum og þjónustu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við lög nr. 85/2018 verði bætt við mismununarþáttunum trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu. Þar með bætast framangreindir mismununarþættir við mismununarþættina kynþátt og þjóðernisuppruna sem fyrir voru. Það þýðir að lögum verði breytt á þann veg að þau gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins utan vinnumarkaðar. Þess má geta að lögin gilda ekki um jafna meðferð einstaklinga óháð framangreindum mismununarþáttum á vinnumarkaði þar sem um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð framangreindum mismununarþáttum gilda önnur lög, þ.e. lög nr. 86/2018.

Við þinglega meðferð frumvarps sem varð að lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, í allsherjar- og menntamálanefnd, komu fram sjónarmið um að rýmka mætti gildissvið laganna og láta þau ná yfir fleiri mismununarþætti. Nefndin lagði til í nefndarálitinu sínu með breytingartillögu um frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna (þingskjal 1179 – 393. mál á 148. lögþ.) að við lögin myndi bætast eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða: Ráðherra skal innan árs frá gildistöku laga þessara leggja fram á Alþingi frumvarp þar sem kveðið verði á um að lögum verði breytt þannig að þau gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur

einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kynþjáningu á öllum sviðum samfélagsins utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Frumvarp þetta er unnið í samræmi við framangreint ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 85/2018. Verði frumvarp þetta samþykkt koma lög nr. 85/2018 einnig til með að samræmast betur lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, en þau lög fjalla um alla framangreinda mismununarþætti en ekki einungis kynþátt og þjóðernisuppruna. Báðir lagabálgarnir ná þá til sömu mismununarþátta. Við gerð frumvarpsins var jafnframt höfð hliðsjón af norsku (Lov om likestilling og forbud mot diskriminering), sænsku (s. diskrimineringslag) og finnsku lögunum (s. diskrimineringslag) um bann við mismunun og enn fremur var gætt samræmis við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, og lög um stjórnslu jafnréttismála, nr. 151/2020.

Við gerð frumvarps sem varð að lögum nr. 85/2018, um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna var höfð hliðsjón af efni tilskipunar ráðsins nr. 2000/43/EB frá 29. júní 2000 um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis, en þó einungis þeim hluta hennar sem lýtur að öðrum sviðum samfélagsins en vinnumarkaði. Sú tilskipun kveður á um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna og gildir hún innan sem utan vinnumarkaðar, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar. Rétt er einnig að geta þess að við gerð frumvarpsins sem varð að lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, var tekið mið af efni tilskipunar ráðsins 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000, um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi. Gildissvið hennar takmarkast við vinnumarkaðinn, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar. Við gerð þess frumvarps var einungis höfð hliðsjón af þeim hluta tilskipunar ráðsins 2000/43/EB er lýtur að vinnumarkaði. Við gerð frumvarpsins sem hér um ræðir var að nokkru leyti höfð hliðsjón af efni tillögu að tilskipun ráðsins 2008/1040/EB um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri eða kynhneigð. Efni þeirrar tillögu að tilskipun var samþykkt af Evrópuþinginu árið 2009 en hefur ekki náð fram að ganga í ráði ESB enn sem komið er, tillagan er um vernd einstaklinga gegn mismunun óháð framangreindum þáttum utan vinnumarkaðar.

Frumvarp þetta er liður í innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hér á landi en Ísland undirritaði samninginn 30. mars 2007 og var hann fullgiltur 23. september 2016. Markmið samningsins er að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra, jafnframt því að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlægri reisu. Samningurinn felur í sér bann við hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og að fötluðu fólki sé tryggð jöfn og árangursrík réttarvernd gegn mismunun á öllum sviðum. Einnig má geta þess að Ísland samþykkti í síðustu allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála árið 2016 að innleiða heildstæða löggjöf um bann við mismunun sbr. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/skyrslur-og-athugasemdir/skyrslur-birting/2016/12/19/Nidurstada-Mannrettindarads-Sameinudu-thjodanna-vegna-allsherjaruttekta-2016-2017/>.

Til einföldunar er stundum vísað í frumvarpi þessu til „þátta“, „mismununarþátta“ eða „mismununarástæðna“ og er þá átt við eftirtalda þætti: kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu eftir því sem við á.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Einstaklingar eru verndaðir gegn mismunun óháð kyni, kynþætti og þjóðernisuppruna bæði innan og utan vinnumarkaðar, sbr. gildandi löggjöf um jafnréttismál (þ.e. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018 og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018 sbr. lög um stjórnslu jafnréttismála, nr. 151/2020). Einstaklingar eru hins vegar ekki verndaðir gegn mismunun á grundvelli trúar, lífsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar, utan vinnumarkaðar, með sama hætti samkvæmt framangreindri löggjöf um jafnréttismál. Það þýðir að þau sem telja sér mismunað á grundvelli þeirra þátta njóta ekki jafn ríkrar réttarverndar og þau sem telja sér mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernisuppruna á sviðum utan vinnumarkaðar. Ef ekkert er aðhafst munu þau áfram búa við lakari réttarvernd hvað þau svið varðar en fólk sem telur sér mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar og þjóðernisuppruna.

Líkt og áður segir er frumvarp þetta er unnið til samræmis við ákvæði til bráðabirgða í lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018. Til nánari umfjöllunar um það vísast til 1. kafla greinargerðar.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með hliðsjón af gildissviði laga nr. 85/2018 er gert ráð fyrir að frumvarp þetta gildi um jafna meðferð á öllum sviðum samfélags, utan vinnumarkaðar, óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Verði frumvarpið samþykkt gildi lög nr. 85/2018 ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur jafnframt um jafna meðferð einstaklinga óháð öllum framangreindum þáttum.

Bann við mismunun samkvæmt lögum nr. 85/2018 gildir á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar og eru einstök svið sérstaklega tilgreind til áherslu. Engin breyting er lögð til varðandi þau svið sem lög in skulu ná til. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 85/2018 eiga lög in meðal annars við um félagslega vernd, þar á meðal í tengslum við almannatryggingar og heilbrigðisþjónustu, félagsleg gæði, menntun, aðgang að eða afhendingu vöru sem og þjónustu eða aðgang þjónustu. Sérstaklega er tekið fram að frumvarpið eigi við varðandi húsnæði sem er í boði fyrir almenning. Með félagslegum gæðum er í frumvarpi þessu meðal annars átt við tækifæri til að njóta tiltekinna gæða innan aðildarríkjanna á vegum opinberra aðila eða einkaaðila, svo sem aðgangs að stöðum sem ætlaðir eru almenningi þar sem unnt er að njóta frístunda eins og sundstöðum, skíðasvæðum, skautasvllum, skipulögðum leiksvæðum, fjölskyldugörðum sem og bókasöfnum, listasöfnum, leikhúsum og ýmsum öðrum menningar- eða listviðburðum. Er í þessu sambandi jafnframt átt við afslætti eða tilboð sem gilda í tengslum við aðgang að slíkum stöðum eða viðburðum. Miðað er við að framangreint eigi við um alla staði sem ætlaðir eru almenningi, hvort sem viðkomandi staður telst vera opinber staður eða í einkaeygu, en stundum er talað um almennarými í þessu samhengi. Enn fremur má nefna aðgang að almenningssamgöngum, niðurgreiddar máltíðir í skólum, niðurgreidd leikskólagjöld og frístundastyrki til að greiða niður þátttökugjald í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Þess ber að geta að ekki er hér tæmandi upptalning á því sem getur talist til félagslegra gæða.

Í því skyni að tryggja ekki eingöngu jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur jafnframt óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu í íslensku samfélagi er með frumvarpi þessu lagt til að skýrt verði kveðið á um að mismunun á grundvelli framangreindra þátta, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Verður þetta að teljast nýmæli í lögum enda þótt öðrum ákvæðum innlendra

laga sé einnig ætlað að tryggja að ákveðnu leyti jafna meðferð á tilteknum sviðum samfélagsins, sbr. það sem greinir frá í fjórða kafla greinargerðar. Er þetta ekki síður mikilvægt í því skyni að stuðla að virkri þátttöku sem flestra í íslensku samfélagi óháð framangreindum þáttum.

Lagt er til í 1 gr. að gildissviðsákvæði laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, verði breytt þannig að lögin gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar. Þannig er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að framangreindum þáttum verði bætt við markmiðsákvæði laganna og ákvæði laganna um sönnunarbyrði. Í 3. gr. er lagt til að framangreindum þáttum sé bætt við þær skilgreiningar í orðskýringarákvæði laganna sem það á við. Einnig er lagt til að við orðskýringarákvæðið bætist skilgreiningar á hugtökunum og eru skilgreiningarnar þær sömu og í orðskýringarákvæði laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, eins og lagt er til að þeim verði breytt í 10. gr. frumvarps þessa, þ. e. til samræmis við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020 og lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að við ákvæðið í lögum sem hefur geyma almennt bann við mismunun á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, verði bætt við öllum framangreindum þáttum og að kveðið verði skýrt á um að fjölþætt mismunun sé einnig óheimil sbr. 16. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Enn fremur er lagt til það nýmæli að neitun um viðeigandi aðlögun, sbr. 7. gr. a sbr. a-lið 5. gr. frumvarps þessa, teljist til mismununar.

Nauðsynlegt er að taka tillit til þess að þeir mismununarþættir sem lagt er til í frumvarpi þessu að verði bætt við lögin eru ólíkir innbyrðis og það getur verið þörf á sérreglum hvað einstaka mismununarþætti varðar. Því er lagt til að bætt verði við lögin tveimur nýjum ákvæðum vegna fötlunar (viðeigandi aðlögun, sbr. 7. gr. a, sbr. a-liður 5. gr.) og aldurs (frávik vegna aldurs, sbr. 7. gr. b, sbr. b-liður 5. gr.). Þessar sérreglur eru sambærilegar sérreglum þeim sem fjallað er um í lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, sbr. 10. gr. og 12. gr. þeirra laga.

Í 6. gr. er lagt til að framangreindum þáttum verði bætt við ákvæði laganna um bann við mismunun í tengslum við félagslega vernd og ákvæði laganna um bann við mismunun í tengslum við vörukaup og þjónustu sem og ákvæðið um vernd gegn órétti. Í 7. gr. er lagt til að framangreindum þáttum verði bætt við ákvæði laganna um bann við mismunun í skólum og öðrum menntastofnunum, á frístundaheimilum og í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Einnig er lagt til að orðalag ákvæðisins verði samræmt við sambærilegt ákvæði í lögum jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Í 8. gr. er svo lagt til að framangreindum þáttum verði bætt við ákvæði laganna um auglýsingar.

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að verði frumvarpið samþykkt taki lögin þegar gildi. Þó er jafnframt lagt til að ákvæði laganna skuli ekki gilda um mismunandi meðferð á grundvelli aldurs, sbr. 1. mgr. 1. gr., fyrr en 1. júlí 2023. Er þetta lagt til þannig að nægur tími gefist til að fara yfir aldurstengd ákvæði í öðrum lögum, stjórnvaldsfyrirmælum, reglugerðum, reglum og samningum og gera breytingar á þeim, ef þörf krefur, til samræmis við ákvæði frumvarpsins.

Að lokum eru lagðar til breytingar á lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, sem þykja nauðsynlegar í kjölfar frumvarps þessa sem og laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, laga um jafna stöðu og jafna meðferð kynjanna, nr. 150/2020 og laga um stjórnslu jafnréttismála, nr. 151/2020.

Lagt er til ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið fjallar um skipan starfshóps sem skal fjalla sérstaklega um mismunun vegna tengsla (e. discrimination by association) og mögulegar tillögur til breytinga á lögum þessum og lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, í tengslum við þessar háttar mismunun.

Mikilvægt er að hafa í huga að þó svo að um ójafna meðferð fólks á grundvelli framangreindra mismununarþátta sé um að ræða í einstaka tilfellum þarf ekki að vera um mismunun að ræða. Við mat á því hvort mismunun hafi átt sér stað eða ekki er áherslan lögð á samanburð við annan einstakling við sambærilegar aðstæður. Einstaklingar við sambærilegar aðstæður eiga ávallt að hljóta sambærilega meðferð, en að sama skapi eiga einstaklingar sem eru ekki í sambærilegum aðstæðum að hljóta mismunandi meðferð, nema unnt sé að réttlæta meðferðina á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði. Mismunandi meðferð á grundvelli þeirra mismununarþátta sem frumvarp þetta tekur til kann því að vera réttlætunleg samkvæmt frumvarpi þessu við vissar aðstæður, þ.e. ef hún er réttlætunleg á grundvelli lögmætra markmiða og aðferðirnar til að ná því markmiði eru viðeigandi og nauðsynlegar. Ef unnt er að réttlæta ójafna meðferð á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði eru viðeigandi og nauðsynlegar þá er ekki um mismunun að ræða, og þar með ekki brot á lögnum. Hvert tilvik þarf að meta fyrir sig.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Að mati ráðuneytisins er efni frumvarps þessa í samræmi við ákvæði stjórnarskrár og alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins.

Markmið frumvarpsins er að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kynþáningu á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar. Íslensk stjórnvöld fullgilt milliríkjasamninga sem ætlað er að stuðla að jafnri meðferð í samfélaginu. Þar má nefna mannréttindasáttmála Evrópu, samning Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, félagsmálasáttmála Evrópu. Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld lögfest samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013.

Enn fremur eru í gildi ýmis ákvæði í íslenskri löggjöf sem hafa sama markmið og einstaklingar eru nú þegar verndaðir á grundvelli nokkurra þeirra mismununarþátta sem frumvarp þetta tekur til utan vinnumarkaðar að nokkru leyti í öðrum lögum. Þar má nefna 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Einnig 233. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem mælir fyrir um að hver sá sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skuli sæta sektum eða fangelsi í allt að tvö ár; sem og 1. mgr. 180. gr. sömu laga sem kveður á um að hver sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar skuli sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum. Það varðar sömu refsingu að neita manni um aðgang til jafns við aðra að opinberum samkomustað eða öðrum stöðum sem opnir eru almenningi, sbr. 2. mgr. 180. gr. laganna. Í 1. og 2. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, segir að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og að óheimilt sé að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða sem byggjast á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti,

þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum. Einnig má nefna 3. mgr. 24. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, sem kveður á um að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti, sem og 2. mgr. 1. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, sem kveða á um að óheimilt sé að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Dæmi um fleiri lagaákvæði sem ætlað er að stuðla að jafnri meðferð í samfélaginu eru 9. gr. laga um pósthjónustu, nr. 98/2019, 16. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, 1. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, og lög um breytingu á lagaákvæðum, nr. 65/2006, er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun).

5. Samráð.

Haft var samráð við eftirfarandi aðila við gerð frumvarpsins: Öryrkjabandalagið, Proskahjálp, Samtök '78, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Jafnréttisstofu, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Frumvarpið var lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda...

6. Mat á áhrifum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að í íslenskri löggjöf verði kveðið á um meginregluna um jafna meðferð einstaklinga, ekki einungis óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur jafnframt óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018.

Frumvarpinu er ætlað að hafa þau áhrif að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga óháð framangreindum mismununarþáttum. Enn fremur er frumvarpinu ætlað að hafa þau áhrif að stuðla að virkri þátttöku sem flestra í íslensku samfélagi óháð framangreindum mismununarþáttum sem og að koma í veg fyrir félagslega einangrun einstaklinga vegna fyrrnefndra ástæðna.

Þess er vænst að þessi breyting á lögum nr. 85/2018 sem frumvarpið leggur til leiði til aukinnar réttarverndar fyrir fólk sem telur sér mismunað á grundvelli trúar, lífsskoðunar, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og kyntjáningar utan vinnumarkaðar og leiði þar með til aukins jafnréttis í samfélaginu. Enn fremur verður einstaklingum sem telja sér mismunað á grundvelli framangreindra þátta, utan vinnumarkaðar, í fyrsta skipti hér á landi veitt heimild til að leita réttar síns til úrskurðarnefndar innan stjórnslunnar. Einstaklingar munu því njóta meiri verndar en þeir hafa áður notið í tilteknum tilvikum en gera verður ráð fyrir að áhrif frumvarpsins verði lítil á þeim sviðum þar sem þegar eru í gildi lög sem banna mismunun á grundvelli tiltekinna mismununarþátta, svo sem innan stjórnslunnar.

Mögulegt er að dóms- og kærumálum fjölgi verði frumvarpið lögfest þar sem verið er að fjölga þeim þáttum sem geta orðið grundvöllur dóms- eða kærumála. Ekki er þó hægt að áætla slíkt fyrir fram eða hvort það hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Þá kunna einhverjar stofnanir eða fyrirtæki að verða fyrir kostnaði ef bæta þarf aðgengi eða gera breytingar á húsnæði og búnaði vegna fatlaðra einstaklinga í tilteknum tilvikum en samkvæmt frumvarpinu ættu slíkar ráðstafanir ekki að vera of íþyngjandi að teknu tilliti til meðal annars fjárhagslegs

bolmagns viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Slíkar ráðstafanir hafa smám saman verið gerðar hjá hinu opinbera um langt árabil, einkum við endurbætur á húsnæði og aðstöðu.

Verði frumvarpið lögfest í núverandi mynd er ekki ástæða til að ætla að það hafi teljandi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram það sem leiðir af núgildandi löggjöf um jafnréttismál, þ.e. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, sbr. lög nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, verði breytt þannig að þau gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar. Um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð framangreindum mismununarþáttum gilda nú þegar lög nr. 86/2018. Verði frumvarp þetta að lögum koma lagabálkarnir tveir til með að ná til sömu mismununarþátta og betra samræmis gætir milli þeirra. Með frumvarpinu er verið að framfylgja ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 85/2018 líkt og greinir frá í 1. kafla greinargerðar.

Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á því til hvaða sviða lögin taka. Lög nr. 85/2018 munu þannig áfram gilda um félagslega vernd, þar á meðal almannatryggingar og heilbrigðisþjónustu, félagsleg gæði, menntun og aðgang að eða afhendingu vöru og þjónustu. Lögunum er jafnframt áfram ætlað að gilda um húsnæði sem er í boði fyrir almenning. Er þetta í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2000/43/EB. Í tilskipuninni eru þó ekki nánari skýringar á því hvað átt er við með félagslegum gæðum en vísað er til þriðja kafla greinargerðar til skýringar á því hvað við sé átt með slíkum gæðum. Lögin munu áfram ekki taka til mismunandi meðferðar einstaklinga á grundvelli ríkisfangs eða ríkisfangsleysis og er sú tilhögun meðal annars í samræmi við 13. tölul. aðfaraorða og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/43/EB. Vísað er til þriðja kafla greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 85/2018 til nánari skýringar hvað það varðar. Jafnframt munu lögin áfram ekki gilda á sviði einka- og fjölskyldulífs, svo sem varðandi þjónustu eða aðgang að þjónustu annars vegar eða aðgang að eða afhendingu vöru hins vegar sem almenningi stendur til boða. Vísað er til skýringa við 6. gr. frumvarps þessa, sbr. 9. gr. laga nr. 85/2018 til nánari skýringar hvað það varðar.

Um 2. gr.

Markmið frumvarps þessa er að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga, án þess að trú, lífsskoðun, fötlun, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáning hafi þar áhrif, á öllum sviðum samfélagsins nema á vinnumarkaði. Í því skyni er í frumvarpi þessu skýrt kveðið á um að mismunun vegna framangreindra mismununarþátta sé óheimil, hvort heldur um er að ræða beina eða óbeina mismunun. Er slíkt talið mikilvægt, meðal annars til að unnt sé að stuðla að virkri þátttöku sem flestra í íslensku samfélagi óháð framangreindum mismununarþáttum rétt eins og óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Allir skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð framangreindum mismununarþáttum.

Í 15. gr. grein laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, kemur fram að ef leiddar er líkur að því að mismunun samkvæmt ákvæðum laganna hafi átt

sér stað skuli sá sem talinn er hafa mismunað sýna fram á að ástæður þær sem lágu til grundvallar meðferðinni tengist ekki kynþætti eða þjóðernisuppruna.

Er þetta í samræmi við 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2000/43/EB. Ákvæði þetta á sér jafnframt fyrirmynd í 2. mgr. 25. gr. og í 4. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Efnislega samhljóða ákvæði var jafnframt að finna í 2. mgr. 23. gr. og 3. mgr. 24. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en í frumvarpinu sem varð að þeim lögum er m.a. lagt til að sama sönnunarreglan gildi fyrir kærufynd jafnréttismála og fyrir dómstólum í samræmi við ákvæði tilskipunar 87/80/EBE. Enn fremur kemur fram í umræddum athugasemdum að réttarfarsnefnd dómsmálaráðuneytisins hafi fengið tilskipunina til skoðunar og niðurstaða nefndarinnar hafi verið á þá leið að ákvæði tilskipunarinnar séu í öllum meginatriðum í samræmi við ólögfestar grunnreglur um sönnun sem íslenskir dómstólar beiti við úrlausn einkamála, þar á meðal þeirra sem lúti að jafnrétti kvenna og karla, en tilskipunin taki til málsmeðferðar fyrir þar til bærum stjórnvöldum og dómstólum en nánari skýringar hvað þetta varðar má sjá í skýringum við 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 85/2018.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði þessu verði breytt þannig að sá sem talinn er hafa mismunað sýni fram á að ástæður þær sem lágu til grundvallar meðferðinni tengist ekki trú, líffsskoðun, aldri, fötlun, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu, en ekki einungis ekki kynþætti eða þjóðernisuppruna.

Um 3. gr.

Í skýringum með 3. gr. í frumvarpi því er varð að lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, eru nánar tiltekin hugtök skýrð sem fram koma í lögnum. Ekki er gert ráð fyrir að neinar breytingar verði á skilgreiningum hugtakanna *jöfn meðferð*, *bein* og *óbein mismunun* né á hugtakinu *sértækar aðferðir* að öðru leyti en því að bætt er við mismununarþáttum sem hugtökin skulu ná til. Í framangreindum skýringum kemur fram að skýringarnar séu efnislega samhljóða þeim orðskýringum sem fram koma í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/43/EB, að því marki sem umrædd hugtök eru skýrð sérstaklega í þeirri tilskipun. Við skýringu hugtakanna var enn fremur litið til skýringargagna sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út sem og túlkunar Evrópudómstólsins á ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar.

Um a-lið. Lagt er til að með *jafnri meðferð* verði ekki eingöngu átt við að ekki megi mismuna einstaklingum beint eða óbeint vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna heldur einnig vegna trúar, líffsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Það sama er lagt til varðandi hugtökin *bein mismunun* og *óbein mismunun*. Líkt og fram kemur í frumvarpi því er varð að lögum nr. 85/2018, sbr. það sem kemur fram í 3. kafla greinargerðar með frumvarpi þessu, er við skýringar á hugtökunum *bein mismunun* og *óbein mismunun* lögð áhersla á samanburð við annan einstakling við sambærilegar aðstæður. Er þar verið að undirstrika mikilvægi þess að einstaklingar við sambærilegar aðstæður fái ávallt sambærilega meðferð nema unnt sé að réttlæta meðferðina á málefnalegan hátt með lögumtöku markmiði og aðferðirnar við að ná því markmiði eru viðeigandi og nauðsynlegar. Dæmi um beina mismunun á grundvelli frumvarps þessa væri ef eigandi veitingahúss meinaði einstaklingum af ákveðinni trú eða vegna kynhneigðar innngöngu á veitingastað sinn, ef einstaklingi væri neitað um skráningu í skóla vegna sömu ástæðna eða ef leigufélag gæfi út yfirlýsingu um að það leigði ekki út íbúdir til einstaklinga vegna þessara ástæðna. Dæmi um óbeina mismunun væri aftur á móti ef skilyrði, viðmið eða ráðstöfun sem

virtist hlutlaus kæmi verr við einstakling vegna trúar, lífsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar borið saman við annan einstakling nema slíkt væri unnt að réttlæta málefnalega með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná markmiðinu væru viðeigandi og nauðsynlegar. Í greinargerð með lögum nr. 85/2018 er tekið fram að bann við því að nemendur beri trúartákn í skólastofnunum sé oft nefnt sem dæmi um mögulega óbeina mismunun vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna þar sem talið er að slíkt bann sé líklegra til að hafa áhrif á fólk sem ekki er af vestrænum uppruna. Einnig er lagt til í frumvarpi þessu að með *sértækum aðgerðum* verði ekki eingöngu átt við sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu einstaklinga á þeim sviðum þar sem á þá hallar, utan vinnumarkaðar, vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna í því skyni að stuðla að jafnri meðferð, heldur einnig vegna trúar, lífsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Samkvæmt 12. gr. laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, er heimilt að beita *sértækum aðgerðum*, sbr. 5. tölul. 3. gr. laganna. Er í því sambandi átt við sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu þeirra einstaklinga sem standa höllum fæti á ákveðnum sviðum vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna og verði frumvarp þetta að lögum einnig vegna þeirra mismununarþátta sem lagt er til að verði bætt við lögin. Í athugasemdum með framangreindri 12. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 85/2018 kemur fram að *sértækar aðgerðir* séu heimilar samkvæmt íslenskum rétti. Þá sé um að ræða kerfislægar aðgerðir sem ætlað er að mæta kerfislægri jafnarstöðu og flýta því að jafnrétti náist í raun. Slíkar aðgerðir verði að vera unnt að réttlæta hlutlægt séð og megi ekki vera of íþyngjandi. Með *sértækum aðgerðum* sé meðal annars leitast við að ná fram efnislegu jafnrétti í stað aðeins formlegs jafnréttis, en *formlegt jafnrétti* felur í sér að öll mismunun sem grundvallast á mismunandi stöðu einstaklinga, svo sem kynþætti eða þjóðernisuppruna, sé ólögmat. Beiting aðgerða til að ná *efnislegu jafnrétti* krefjist þess aftur á móti að litið sé til þess ójafnaðar sem kann að ríkja milli fólks úr ólíkum þjóðfélagsþópum. Aðgerðir sem beinast að efnislegu jafnræði feli því í sér að við ákveðnar aðstæður þurfi að meðhöndla einstaklinga úr ólíkum þópum á ólíkan hátt svo að raunverulegt jafnrétti náist. Með raunverulegu jafnrétti er átt við aðstæður þar sem engin undirliggjandi mismunun er til staðar og allir njóti jafnra tækifæra óháð persónueinkennum. Þannig þyki *sértækar aðgerðir*, sem vega upp á móti þeirri mismunun sem er til staðar í þjóðfélaginu, nauðsynlegar til að ná fram jafnrétti milli ólíkra einstaklinga. Dæmi um *sértæka aðgerð* samkvæmt frumvarpi þessu gæti verið sérstök áætlun til að fjölga fötluðum nemendum í námi.

Um b-lið. Í lögum nr. 85/2018, er gert ráð fyrir að *áreitni* teljist mismunun þegar hún tengist kynþætti eða þjóðernisuppruna, sbr. 7. gr. laganna, og er það í samræmi við efni tilskipunar 2000/43/EB. Í frumvarpi þessu er lagt til að með *áreitni* verði ekki eingöngu átt við hegðun sem tengist kynþætti og þjóðernisuppruna heldur einnig trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu viðkomandi. Jafnframt er lagt til að orðalag ákvæðisins verði breytt til samræmis við skilgreiningu hugtaksins *kynbundin áreitni* í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Þannig er lagt til að felld verði á brott orðin „í óþökk“ í framangreindu hugtaki þar sem ekki verður séð að nauðsyn sé á að hafa þessi orð í skilgreiningunni þar sem hegðunin hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Orðnotkun gildandi laga nr. 85/2018 þykir jafnframt setja ábyrgð á þolendur en ekki meinta gerendur.

Um c-lið. Samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, er óheimilt að mismuna einstaklingum á vinnumarkaði á grundvelli trúar og lífsskoðunar í skilningi tilskipunar 2000/78/EB. Í frumvarpi þessu er lagt til að sami skilningur verði lagður í

hugtökin *trú* og *lífsskoðun* og í lögum nr. 86/2018. Með orðinu *trú* í frumvarpi þessu verði þannig átt við átrúnað eða trú og með orðinu *lífsskoðun* verði átt við skoðun er byggist á veraldlegum viðhorfum til lífsins, ákveðnum siðferðisgildum og siðferði ásamt skilgreindri siðfræði og þekkingarfræði. Í framangreindu frumvarpi er tekið fram að mikilvægt sé að einstaklingar verði ekki fyrir mismunun á grundvelli lífsskoðana sinna og að sífellt meiri áhersla hafi hin síðari ár verið lögð á að hugsana- og samviskufrelsi sé verndað til jafns við trúfrelsi. Sama eigi við um stöðu lífsskoðunarfélaga gagnvart trúfélögum. Sé þetta meðal annars í samræmi við 18. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórn mála réttindi og 9. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Síðan er tekið fram að samkvæmt lögum nr. 6/2013, um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, sem samþykkt voru 30. janúar 2013, sé skilyrði fyrir skráningu lífsskoðunarfélags að um sé að ræða félag sem byggist á veraldlegum lífsskoðunum, miðar starfsemi sína við ákveðin siðferðisgildi og mannrækt og fjallar um siðfræði eða þekkingarfræði með skilgreindum hætti. Efni frumvarps þessa takmarkast þannig hvorki við hefðbundin trúarbrögð né þá sannfæringu eina sem hafi skipulagsleg einkenni eða hefðir sem líkja megi við hefðbundin trúarbrögð. Með þessari nálgun fellur til dæmis trúleysi og efahyggja undir lífsskoðun í skilningi frumvarpsins enda séu skilyrði frumvarpsins uppfyllt að öðru leyti. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að til dæmis pólitískar skoðanir eða skoðanir um mismunandi verðleika einstaklinga vegna einhverra þeirra mismununarþátta sem frumvarp þetta tekur til, falli hér undir. Í nefndaráli með breytingartillögu um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði frá allsherjar- og menntamálanefnd (þingskjal 1184, 394. mál á 148. löggjafarþingi) kemur fram að í umsögn Siðmenntar um sambærilegt frumvarp frá 146. þingi (435. mál) sé fjallað um að lífsskoðun geti hvort heldur sem er verið veraldlegt eða trúarleg. Nefndin taki undir ábendingu Siðmenntar um að lífsskoðanir geti verið hvort heldur sem er trúarlegar eða veraldlegar og líti á skilgreiningu hugtaksins í frumvarpinu sem skilgreiningu á veraldlegri lífsskoðun enda sé það í samræmi við þann tilgang hennar í frumvarpinu að greina þess háttar lífsskoðun frá trúarlegum skoðunum.

Samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, er óheimilt að mismuna einstaklingum á vinnumarkaði á grundvelli fötlunar í skilningi tilskipunar 2000/78/EB. Í frumvarpi þessu er lagt til að sami skilningur verði lagður í hugtakið *fötlun* og í lögum nr. 86/2018 og til samræmis við 1. tölul. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Með orðinu *fötlun* í frumvarpi þessu verði þannig átt við afleiðingu skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Skerðingar hlutaðeigandi einstaklings eru langvarandi og hindranirnar til þess fallnar að viðkomandi verði mismunað vegna líkamlegrar, geðrænnar eða vitsmunalegrar skerðingar eða skertrar skynjunar. Til *fatlaðs fólks* telst samkvæmt frumvarpi þessu fólk með langvarandi líkamlega, geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun sem verður fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra ef aðstoðar nýtur ekki við, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í því skyni að stuðla að jafnri meðferð einstaklinga utan vinnumarkaðar gerir frumvarp þetta ráð fyrir að nýju ákvæði verði bætt við lög nr. 85/2018 um viðeigandi aðlögun vegna fötlunar, þ. e. að nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, skulu gerðar, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að gera fötluðum einstaklingi kleift að geta nýtt sér eða fá notið samfélagsins utan vinnumarkaðar til jafns við aðra. Með öðrum orðum gerir frumvarp þetta ráð fyrir að

viðeigandi ráðstafanir skuli gerðar, þar sem þeirra er þörf í sérstökum tilvikum, til að fatlað fólk eigi aðgengi og geti tekið þátt í samfélaginu utan vinnumarkaðar, enda teljist ráðstafanirnar ekki of þyngjandi fyrir hlutaðeigandi að teknu tilliti til þeirrar starfsemi sem um ræðir hverju sinni, sbr. a-lið 5. gr. frumvarps þessa. Sambærilegt ákvæði um viðeigandi aðlögun á vinnumarkaði er í 10. gr. laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018.

Samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, er óheimilt að mismuna einstaklingum á vinnumarkaði á grundvelli aldurs í skilningi tilskipunar 2000/78/EB. Í frumvarpi þessu er lagt til að einnig verði óheimilt að mismuna einstaklingum á grundvelli aldurs utan vinnumarkaðar og að sami skilningur verði lagður í hugtakið og í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 86/2018 þannig að með orðinu *aldur* í frumvarpi þessu sé átt við lífaldur en ekki til dæmis starfsaldur og er það í samræmi við túlkun Evrópudómstólsins á hugtakinu í skilningi fyrrnefndrar tilskipunar. Hvað varðar mismunun á grundvelli aldurs á sviðum utan vinnumarkaðar er vísað að öðru leyti til skýringa við b-lið 5. gr. frumvarps þessa.

Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um bann við mismunun utan vinnumarkaðar á grundvelli kynhneigðar en með kynhneigð er átt við getu fólks til að laðast að eða verða ástfangið af öðrum einstaklingi, sbr. 11. tölul. laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Kynhneigð getur verið breytileg og mismunandi hjá hverjum og einum. Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 86/2018 kemur fram að í skýringargögnum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (skjal COM (1999) 565) kemur fram að gera verði greinarmun á kynhegðun annars vegar og kynhneigð hins vegar. Er þannig eingöngu gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins eigi við um bann við mismunun á vinnumarkaði á grundvelli kynhneigðar en ekki kynhegðunar og nær efni frumvarpsins því ekki til kynhegðunar einstaklinga. Gert er ráð fyrir að það sama eigi við í frumvarpi þessu. Enn fremur þykir mikilvægt að frumvarp þetta stuðli að jafnri meðferð óháð kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, og er því lagt til að kynvitund, kyneinkenni og kyntjáning verði meðal þeirra þátta sem geta leitt til mismununar sem frumvarp þetta tekur á þar sem ætla má að einstaklingur geti átt á hættu að verða fyrir mismunun utan vinnumarkaðar vegna kynvitundar sinnar, kyneinkenna sinna eða kyntjáningar. Í frumvarpi þessu er með kynvitund átt við upplifun einstaklings af eigin kyni. Kyneinkenni vísa til litninga, kynkirtla og líffærafræðilegra sérkenna manneskju, til dæmis æxlunarfæra, uppbyggingar kynfæra, hormónastarfsemi, vöðvauppbyggingar, dreifingar hárs, brjóstavaxtar og/eða hæðar. Með kyntjáningu er átt við hvernig einstaklingur tjáir kynvitund sína út á við dagsdaglega, til að mynda með klæðaburði og líkamstjáningu. Framangreindar skilgreiningar eru til samræmis við lög um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019.

Lagt er til að skilgreining á hugtakinu *fjölpætt mismunun* verði bætt við orðskýringar-ákvæðið í 3. gr. laga nr. 85/2018. Með hugtakinu er átt við þegar einstaklingi er mismunað á grundvelli fleiri en einnar mismununarástæðu sem nýtur verndar samkvæmt lögum þessum, lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Fjölpætt mismunun getur annaðhvort verið samtvinnuð þannig að tvær eða fleiri mismununarástæður skapi sérstakan grundvöll mismununar eða verið tvöföld/margföld þannig að mismununin sé vegna tveggja eða fleiri sjálfstæðra mismununarástæðna. Er þetta í samræmi við 3. tölul. 2. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Um 4. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að hvers kyns mismunun á öllum sviðum samfélagsins nema á vinnumarkaði, hvort heldur er bein eða óbein, verði ekki eingöngu óheimil vegna kynþáttar og þjóðernisuppruna heldur einnig vegna trúar, líffsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar,

kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Frumvarpið tekur ekki til vinnumarkaðar þar sem lög nr. 86/2018 gilda um jafna meðferð á vinnumarkaði sem banna hvers kyns mismunun á þeim vettvangi á grundvelli framangreindra þátta líkt og áður segir.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að fjölþætt mismunun sé óheimil og er það til áréttingar á 16. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Um nánari umfjöllun um fjölþætta mismunun vísast til skýringa með 16. gr. þeirra laga. Jafnframt er lagt til að fyrirmæli um mismunun vegna allra framangreindra mismununarþátta teljist mismunun, en ekki eingöngu vegna kynþáttar og þjóðernisuppruna. Dæmi um slíka mismunun væri ef eigandi skemmtistaðar gæfi dyravörðum þau fyrirmæli að hleypa ekki einstaklingum af tiltekinni trú eða með tiltekna kynhneigð inn á skemmtistað. Annað dæmi væri ef fyrirtæki sem sér um öryggisgæslu veitti öryggisvörðum í verslunarmiðstöð fyrirmæli um að fylgjast sérstaklega vel með fólki vegna sömu ástæðna.

Einnig er lagt til það nýmæli að skýrt verði kveðið á um að neitun um viðeigandi aðlögun vegna fötlunar, sbr. 7. gr. a sbr. a-lið 5. gr. frumvarps þessa, teljist til mismununar. Enn fremur er gert ráð fyrir að áreitni, sbr. b-lið 3. gr. frumvarps þessa, teljist mismunun þegar hún tengist einhverjum þeim þáttum sem getið er um í 1. mgr. 1. gr. en ekki eingöngu kynþætti eða þjóðernisuppruna líkt og samkvæmt gildandi lögum. Þá er lagt til að ákvæði í samningi, sem fela í sér mismunun vegna einhverra þeirra þátta sem getið er um í 1. mgr. 1. gr., skuli vera ógild, en ekki eingöngu vegna kynþáttar og þjóðernisuppruna líkt og samkvæmt gildandi lögum.

Um 5. gr.

Í a-lið er lagt til að nýju ákvæði verði bætt við lög, 7. gr. a., þess efnis að viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt megi teljast eða of íþyngjandi, skuli gerðar, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að gera fötluðum einstaklingi kleift að geta nýtt sér eða fá notið samfélagsins utan vinnumarkaðar til jafns við aðra. Þessi skilgreining er til samræmis við 12. tölul. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Með vísan til almenns álitis nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, nr. 6 (2018) um jafnrétti og mismunun, gætu dæmi um viðeigandi aðlögun samkvæmt frumvarpi þessu verið að gera núverandi aðstöðu eða upplýsingar aðgengilegar fyrir tiltekinn fatlaðan einstakling, breyta eða lagfæra einhver tiltekin tæki, endurskipuleggja einhverja tiltekna starfsemi til að gera fötluðum einstaklingi kleift að taka þátt eða eiga aðgengi og aðlaga námsefni og/eða kennsluaðferðir í skólastarfi fyrir tiltekinn fatlaðan einstakling enda teljist lagfæringarnar eða breytingarnar ekki of íþyngjandi að teknu tilliti til þeirrar starfsemi um ræðir hverju sinni.

Sambærilegt ákvæði er til staðar í lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, sem kveður á um skyldu atvinnurekenda til viðeigandi aðlögunar vegna fötlunar. Ákvæði það byggist á 5. gr. tilskipunar 2000/78/EB. Í skýringum með 10. gr. frumvarpsins er varð að þeim lögum er tekið fram hvernig ákvarðanir um það hvort ráðstafanir teljist of íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi atvinnurekanda eru metnar og nokkur dæmi eru nefnd um hvað myndi teljast viðeigandi aðlögun á vinnumarkaði. Ætla má að unnt verði að nota þær skýringar til hliðsjónar þegar metið er hvað teljist viðeigandi aðlögun samkvæmt frumvarpi þessu.

Þannig er lagt til að skyldan til viðeigandi aðlögunar þegar kemur að sviðum utan vinnumarkaðar takmarkist annars vegar við að unnt sé koma tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd og hins vegar að umræddar ráðstafanir séu ekki of íþyngjandi að teknu tilliti til þeirrar starfsemi sem um ræðir hverju sinni. Við ákvörðun um hvort ráðstafanir teljist of

Íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi þannig að honum beri þá ekki skylda til að hrinda þeim í framkvæmd ber sérstaklega að líta til fjárhagslegs kostnaðar og umfangs þeirra að teknu tilliti til eðlis og stærðar stofnunar eða fyrirtækis sem í hlut á hverju sinni. Enn fremur ber að líta til fjárhagslegs bolmagns viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis til að hrinda ráðstöfununum í framkvæmd, en í því tilliti þarf jafnframt að líta til möguleika á opinberum fjárstuðningi, svo sem styrkjum úr opinberum sjóðum sem ætlað er að styðja við aðgerðir til að bæta aðgengi og aðbúnað fatlaðra einstaklinga. Þá er gert ráð fyrir að tekið verði sérstakt tillit til þess hvers eðlis fötlunin sé og þess að með þeim ráðstöfunum sem gripið verði til verði viðkomandi einstaklingi gert kleift að geta nýtt sér eða fá notið samfélagsins utan vinnumarkaðar til jafns við aðra. Einnig gæti þurft að taka tilliti til líftíma vöru eða þjónustu sem um ræðir sem og tímalengd og eðlis sambands eða samskipta milli tiltekins fyrirtækis eða tilteknar stofnunar og þess fatlaða einstaklings sem á í hlut hverju sinni. Dæmi um viðeigandi aðlögun samkvæmt frumvarpi þessu væri ef skólayfirvöld réðu tákmalstúlk til að tryggja heyrnarskertum nemanda möguleika að þreyta tiltekið próf til jafns við aðra nemendur.

Þess má geta að skylda til *viðeigandi aðlögunar* (e. reasonable accommodation duties) er ekki sú sama og *almennt aðgengi* (e. accessibility duties) þó svo að í báðum tilvikum sé markmiðið að auka aðgengi, sbr. álit nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, nr. 6 (2018) um jafnrétti og mismunun. Skylda til viðeigandi aðlögunar er svokölluð *ex nunc* skylda en skyldan til almenns aðgengis með svokallaðri „algildri hönnun“ (e. universal design) eða hjálpartækjum er svokölluð *ex ante* skylda. „Algild hönnun“ merkir samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks: Hönnun framleiðsluvara og umhverfis, áætlanir og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Frumvarp þetta tekur aðeins til viðeigandi aðlögunar.

- a. Samkvæmt *ex ante* skyldu þarf að taka tillit til jafns aðgengis í öllum kerfum og ferlum án tillits til þarfa tiltekins fatlaðs einstaklings, t.d. að gera aðgengi að byggingu, þjónustu eða vöru aðgengilegar fyrir alla, smám saman, einkum við endurbætur á húsnæði og aðstöðu. Um er að ræða fyrirbyggjandi og kerfisbundna skyldu stjórnvalda og gæta þarf samráðs við hagsmunasamtök fatlaðs fólks, sbr. 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks við gerð slíkra reglna.
- b. Samkvæmt *ex nunc* skyldu, þarf að gera viðeigandi aðlögun frá þeim tíma sem tiltekinn einstaklingur krefst aðgengis að tiltekinni aðstöðu eða vill nýta rétt sinn í tilteknu tilviki. Viðeigandi aðlögunar er oftast krafist af þeim tiltekna fatlaða einstaklingi sem krefst aðgengis í því tilviki, eða fulltrúa þess einstaklings, en það er þó ekki nauðsynlegt. Í sumum tilvikum kemur viðeigandi aðlögun sem gerð verður fyrir þennan tiltekna einstakling öðrum fötluðum einstaklingum til góða. Í öðrum tilvikum kemur viðeigandi aðlögunin sem er gerð í tilteknu tilviki aðeins tilteknum einstaklingi til góða. Skyldan til viðeigandi aðlögunar er einstaklingsmiðuð viðbragðsskylda sem stofnast um leið og krafa um viðeigandi aðlögun er sett fram. Skyldan til viðeigandi aðlögunar krefst þess að sá sem krafan beinist að ráðfæri sig við þann sem ber upp kröfuna um það hvað telst viðeigandi aðlögun í því tiltekna tilviki. Mikilvægt er að hafa í huga að skyldan til viðeigandi aðlögunar takmarkast ekki eingöngu við tilvik þar sem fatlaði einstaklingurinn hefur krafist viðeigandi aðlögunar eða þar sem unnt er að sanna að sá sem skyldan beinist að hafi í raun vitað um fötlun einstaklingsins. Skyldan til viðeigandi aðlögunar varðar jafnframt tilvik þar sem sá sem krafan beinist að hefði mátt vita að einstaklingurinn væri fatlaður sem gæti kallað á viðeigandi aðlögun til að þessi tiltekni einstaklingur geti átt aðgengi og nýtt réttindi sín til jafns við aðra.

Rétt er að taka fram að „viðeigandi aðlögun“ skal ekki rugla saman við „sértækar aðgerðir“ skv. 12. gr. laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018.

Í b-lið er lagt til að nýju ákvæði verði bætt við lög, 7. gr. b, þess efnis að mismunandi meðferð vegna aldurs teljist ekki brjóta gegn frumvarpi þessu séu færð fyrir henni málefnaleg rök sem helgast af lögmætu markmiði, þ.m.t. opinberri stefnu eða öðrum markmiðum stjórnvalda, t.d. efnahagslegum, félagslegum eða fjárhagslegum markmiðum, enda gangi slíkar aðgerðir ekki lengra en nauðsynlegt er talið til að ná því markmiði sem stefnt er að. Þetta er lagt til þar sem mismunandi meðferð á grundvelli aldurs á ýmsum sviðum utan vinnumarkaðar kann að vera réttlætanleg við vissar aðstæður. Því er nauðsynlegt að gera annars vegar greinarmun á mismunandi meðferð sem er réttlætanleg, til dæmis á grundvelli lögmætrar stefnu í lýðheilsumálum eða vegna almannaöryggis eða barnaverndar, og hins vegar mismununar sem nauðsynlegt er að banna. Mikilvægt er að hafa í huga að slík frávik fela í sér undanþágu frá meginreglunni um jafna meðferð óháð aldri utan vinnumarkaðar.

Gert er ráð fyrir að það komi til skoðunar í hverju tilviki fyrir sig hvort aldurstengdar reglur séu heimilar á grundvelli ákvæðis þessa. Verði því ávallt að meta hvort fyrir þeim séu málefnaleg rök sem helgast af lögmætu markmiði og heimili þar með mismunandi meðferð á grundvelli aldurs en þá komi það í hlut dómstóla að meta hvort umrædd regla gangi lengra en nauðsynlegt er talið til að ná því markmiði sem stefnt er að. Sem dæmi um tilvik þar sem gæti verið um mismunun að ræða á grundvelli aldurs utan vinnumarkaðar væri að sett væru aldurskilyrði við að veita einhverja tiltekna þjónustu eða fá afhenda einhverja tiltekna vöru án þess að málefnaleg rök lægju þar að baki. Til dæmis að fá ekki að taka leigja bíl hjá bílaleigu eingöngu vegna þess að viðkomandi hafi náð einhverju tilteknum aldri án þess að unnt sé að réttlæta það á málefnalegan hátt.

Þess má geta að lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, hafa að geyma sambærilegt ákvæði, 12. gr., sem tekur mið af 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/78/EB. Tekið er fram í umræddu ákvæði tilskipunarinnar að mismunandi meðferð í þessum skilningi geti falið í sér að sett séu lágmarksskilyrði um aldur, starfsreynslu eða starfsaldur fyrir aðgengi að störfum eða tilteknum starfstengdum hlunnindum eða skilyrði um hámarksaldur vegna krafna um sérstaka þjálfun þeirra sem ráðnir séu. Þegar litið er til dóma Evrópudómstólsins virðist sem fjölmörg álitafni hafi risið um framkvæmd ákvæðisins líkt og unnt er að sjá má í skýringum við 12. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 86/2018. Þar kemur fram að í grein Helen Meenan, gestaprófessors við Kingston háskóla í Bretlandi, sem nefnist „Age Discrimination in the European Union: A Work in Progress“ sem birt var í bókinni *Equality into Reality, Action for Diversity and Non-Discrimination in Iceland* (Háskólaútgáfan, 2011) sem Evelyn Ellis og Kristín Benediktisdóttir ritstýrðu, kemur fram að flest aðildarríkja Evrópusambandsins hafi lögfest ákvæði sem hafi það að markmiði að vernda ungt fólk á vinnumarkaði og algengt sé að finna í lögum ákvæði sem heimili skilyrði um lágmarks- eða hámarksaldur, sér í lagi í tengslum við aðgengi að störfum. Ákveðin óvissa ríki þó enn um það hvers konar mismunun á grundvelli aldurs sé heimil í skilningi ákvæðisins og því verði að telja mikilvægt að litið verði til dómafordæma Evrópudómstólsins við túlkun þess. Samkvæmt túlkun Evrópudómstólsins á 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/78/EB verða þau lögmætu markmið sem hugsanlega geta leitt til þess að mismunandi meðferð á grundvelli aldurs er heimil að vera í samræmi við þær reglur sem gilda um viðkomandi starfsstétt auk þess sem meðferðin verður að vera viðeigandi og nauðsynleg til að ná því markmiði sem að er stefnt. Í því sambandi má nefna skilyrði um tiltekin aldurstakmörk þegar um er að ræða störf innan tiltekinna starfsgreina sem krefjast sérstakrar þjálfunar eða líkamshreysti þeirra sem inna þau af hendi. Þó svo að framangreint gildi á vinnumarkaði má ætla að unnt verði að líta til þeirrar reynslu

sem þar hefur myndast hvað varðar mat á því hvort mismunun á grundvelli aldurs hafi átt sér stað innan þess sviðs, þegar kemur að sama mati hvað varðar svið utan vinnumarkaðar, verði frumvarp þetta að lögum.

Frumvarpi þessu er ekki ætlað að hafa áhrif á aðra íslenska löggjöf sem mælir fyrir um mismunandi meðferð á grundvelli aldurs ef unnt er að styðja hana málefnalegum ástæðum og lögmætu markmiði og ekki er gengið lengra en nauðsynlegt er talið til að ná því markmiði sem að er stefnt. Mismunandi aldursskilyrði eru tilgreind í hinum ýmsu lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og samningum sem varða hin ýmsu svið utan vinnumarkaðar. Sem dæmi má nefna lögræðislög nr. 71/1997, umferðarlög, nr. 77/2019, áfengislög, nr. 75/1998, og barnaverndarlög, nr. 80/2002 og lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Slík aldursskilyrði teljast ekki mismunun ef slíkt er unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði eru viðeigandi og nauðsynlegar. Sem dæmi um aldursskilyrði sem unnt væri að réttlæta með málefnalegum hætti væri lágmarksaldur inn á stað sem hefur leyfi til að selja áfenga drykki eða til að sjá tiltekna kvikmynd í kvikmyndahúsi en samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög. nr. 19/2003 leiðir að setja þarf aldurstakmörk í ákveðnum tilvikum til að vernda börn. Eins þegar mismunandi verðlag er bundið við tiltekna aldurshópa, til dæmis reglur sem kveða á um lægra verð fyrir börn og ellilífeyrisþega í almenningssamgöngur og sund heldur en aðra aldurshópa. Einnig má nefna lög nr. 30/2004, um váttryggingasamninga sem innihalda einstaka ívilnandi ákvæði fyrir hinn váttryggða geti hann ekki vegna aldurs eða andlegs ástands síns gert sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna.

Það kunna að vera tilvik þar sem aldur er notaður í banka- eða annarri fjármálastarfsemi og í tengslum við hin ýmsu vörukaup og þjónustu. Það getur leitt af sér að neitað er að afhenda vöru eða þjónustu, þjónustan er minnkuð eða verðlögð hærra eingöngu vegna aldurs neytanda. Einnig hefur verið stuðst við aldur við ýmiss konar útreikninga í tryggingastarfsemi hér á landi. Sem dæmi um það eru líf- og sjúkdómatryggingar sem veittar eru á grundvelli laga um váttryggingasamninga, nr. 30/2004. Andlag þeirra eru líf og heilsa váttryggðs þar sem aldur váttryggingartaka skiptir máli við mat á áhættu og þar af leiðandi fjárhæð iðgjalds. Ef unnt er að réttlæta slíka mismunandi meðferð vegna aldurs á málefnalegan hátt er ekki um mismunun að ræða. Hvert mál þarf að skoða sérstaklega til að unnt sé að meta hvort málefnalegar ástæður hafi verið fyrir hendi þegar einstaklingur telur að sér hafi verið mismunað í tengslum við afhendingu á eða aðgengi að vörukaupum eða þjónustu.

Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að endurskoða og endurmeta þurfi aldurstengdar reglur í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og samningum og gera breytingar á þeim, ef þörf krefur, til samræmis við ákvæði frumvarps þessa. Ætla má að hlutaðeigandi aðilar þurfi svigrúm til þess og því er lagt til að ákvæði laga þessara skuli ekki gilda um mismunandi meðferð á grundvelli aldurs, sbr. 1. mgr. 1.gr., fyrr en 1. júlí 2023. Þetta er einnig lagt til í samræmi við gildistöku laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, en þá tók bannið við mismunandi meðferð á grundvelli aldurs ekki gildi fyrr en einu ári síðar en önnur ákvæði frumvarpsins af sömu ástæðu. Jafnframt má nefna að tilskipun nr. 2000/78/EB veitti aðildarríkjum auka þrjú ár til að innleiða bann við mismunun á grundvelli aldurs en að innleiða bann við mismunun á grundvelli annarra þátta tilskipunarinnar.

Að öðru leyti vísast til skýringa við 3. gr. þar sem fjallað er um hugtakið *aldur*.

Um 6. gr.

8. gr. laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, sbr. tilskipun 2000/43/EB kveður á um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna,

meðal annars í tengslum við félagslega vernd, og er þá meðal annars átt við almannatryggingar og heilbrigðisþjónustu. Í frumvarpi þessu er lagt til að framangreindu ákvæði verði breytt þannig að það gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á þessum sviðum heldur einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Það þýðir að hvers kyns mismunun vegna trúar, lífsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar í tengslum við heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu sveitarfélaga verði óheimil og að hið sama gildi um mismunun í tengslum við aðgang að almannatryggingakerfi eða öðrum opinberum félagslegum kerfum, svo sem atvinnuleysisstryggingakerfi og fæðingarorlofskerfi.

Í þessu sambandi þykir mikilvægt að geta þess að ákvæðinu er ætlað að vera til fyllingar 11. gr. stjórnvöldslutlaga sem gildir um stjórnvaldsákvæðanir, meðal annars innan framangreindra velferðarkerfa. Þar kemur fram að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti við úrlausn mála og að óheimilt sé að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða sem byggjast meðal annars á á kynferði þeirra, trúarbrögðum eða öðrum sambærilegum ástæðum. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins sem hér um ræðir nái jafnframt til þjónustunnar sem slíkrar en ekki eingöngu til stjórnvaldsákvæðana um að veita þjónustuna. Því má ætla að um mismunun sé að ræða ef til dæmis einstaklingar af tiltekinni trú eða með tiltekna kynhneigð fá ákveðna félagsþjónustu eingöngu tvisvar í viku þegar einstaklingar af annarri trú eða með aðra kynhneigð sem eins er ástatt um, fá sömu þjónustu daglega.

Ákvæðinu er einnig ætlað að vera til fyllingar lagaákvæða í öðrum lögum sem fjalla um vernd á þessum sviðum á grundvelli þeirra þátta sem frumvarp þetta tekur til. Sem dæmi má nefna lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Í þeim lögum eru sett fram skýr markmið um að fatlað fólk skuli eiga kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Þjónustan skal miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að það geti notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum. Í þeim lögum er fötluðu fólk tryggt réttur í samræmi við þarfir þess og óskir sem og aðgangur að félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar þannig að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu. Enn fremur er unnt að nefna að samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, skal fatlað fólk eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kys og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu verði. Um húsnæði fyrir fatlað fólk gilda auk þess ákvæði skipulags- og byggingarlaga, lögum húsnæðismál og lög um almennar íbúðir nr. 52/2016, eftir því sem við á, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2018. Af almennum reglum leiðir að öll ákvæði almennrar húsnæðislöggjafar, svo sem ákvæði húsaleigulaga og laga um húsnæðisbætur, gilda einnig um húsnæði fyrir fatlað fólk.

9. gr. laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, sbr. tilskipun 2000/43/EB kveður á um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna í tengslum við aðgang að eða afhendingu á vöru sem og þjónustu eða aðgang að þjónustu. Í frumvarpi þessu er lagt til að framangreindu ákvæði verði breytt þannig að gildi einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Það þýðir að hvers kyns mismunun vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og kyntjáningar í tengslum við aðgang að eða afhendingu á vöru sem og þjónustu eða aðgang að þjónustu verði óheimil. Hið sama á við um húsnæði sem er í boði fyrir almenning. Er þetta lagt til með það fyrir augum að framfylgja

meginreglunni um jafna meðferð einstaklinga ekki einungis óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á þessum sviðum heldur jafnframt á grundvelli framangreindra mismununarþátta. Í þessu felst meðal annars að óheimilt verði að haga aðstæðum þannig að aðgangur að eða afhending vöru annars vegar og þjónusta eða aðgangur að þjónustu hins vegar, þ.m.t. húsnæði, sé hagstæðari fyrir einstakling af t.d. tiltekinni trú eða kynhneigð en einstakling sem aðhyllist aðra trú eða hefur aðra kynhneigð.

Bann við mismunun samkvæmt ákvæði þessu í lögum nr. 85/2018, gildir um alla aðila, jafnt opinbera sem einkaaðila, sem útvega vörur og veita þjónustu sem býðst almenningi á almennum markaði sem og á opinberum markaði. Líkt og fram kemur í skýringum með 9. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 85/2018 er með hugtakinu *aðgangur* í frumvarpi þessu jafnframt átt við hugtakið *aðgengi*. Með hugtakinu *vörur* í ákvæði þessu er átt við framleiðsluvörur í skilningi ákvæða stofnsáttmála Evrópusambandsins að því er varðar frjálsa vöruflutninga, sbr. einnig 8. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Með hugtakinu *þjónusta* í ákvæðinu er átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun að því leyti sem hún lýtur ekki ákvæðum um frjálsa vöruflutninga, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa fólksflutninga, sbr. 50. gr. stofnsáttmála Evrópusambandsins sem er efnislega samhljóða 37. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Af dómafordæmum Evrópudómstólsins má ráða að undir þjónustu geti fallið hvers konar atvinnustarfsemi sem felur í sér þjónustu gegn endurgjaldi. Ekki virðist skipta máli hvaða fyrirkomulag er á slíku endurgjaldi eða hver reiðir endurgjaldið af hendi. Það er því ekki gert að skilyrði að sá sem njóti þjónustunnar greiði fyrir hana.

Einnig kemur fram í framangreindum skýringum að í samræmi við 4. tölul. aðfararorða tilskipunar 2000/43/EB er ekki gert ráð fyrir að ákvæðið eigi við um viðskipti á sviði fjölskyldu- og/eða einkalífs. Lögin gilda því ekki um tilvik þar sem einstaklingur leigir út íbúð sína tímabundið eða herbergi í húsi þar sem fjölskylda hans býr. Öðru máli gegnir um leigufélag sem býður íbúðir til leigu eða einstakling sem leigir út íbúðir að staðaldri, en í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að ákvæði laganna gildi. Enn fremur er lögnum ætlað að gilda um leigu herbergja á hótelum og gistiheimilum. Skiptir þá ekki máli þótt sá sem rekur gistiheimilið búi í einu herbergjanna.

Í framangreindum skýringum er enn fremur lögð áhersla á að lagaákvæðið takmarki ekki samningsfrelsi manna almennt. Aðili sem býður vörur eða þjónustu kann að hafa margar huglægar ástæður fyrir vali sínu á samningsaðila. Lögin koma ekki í veg fyrir að aðilum sé enn frjálst að velja sér samningsaðila svo lengi sem valið byggist ekki á kynþætti og þjóðernisuppruna viðsemjandans sem dæmi, nema unnt sé að réttlæta slíkt á málefnalegan hátt með lögmatu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði séu viðeigandi og nauðsynlegar. Með sama hætti kemur frumvarp þetta ekki í veg fyrir það að aðilum sé enn frjálst að velja sér samningsaðila svo lengi sem valið byggist ekki á trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu viðsemjandans nema unnt sé að réttlæta slíkt á málefnalegan hátt með lögmatu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði séu viðeigandi og nauðsynlegar. Í þessu sambandi mætti nefna húsnæðiskjarna til sölu eða leigu með áherslu á fólk sem komið er yfir tiltekinn aldur eða fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Dæmi um tilvik þar sem erfitt væri að rökstyðja samkvæmt frumvarpi þessu að málefnalegar ástæður stæðu að baki vali á viðsemjanda væri ef að hóteleigandi myndi neita að veita pari af sama kyni aðgengi að hótellherbergi með hjónarúmi eða eigandi bakarís myndi neita að baka köku með regnbogafánanum (merki samkynhneigðra). Þetta eru dæmi um tilvik sem upp hafa komið erlendis.

Þess má geta að sambærilegt ákvæði er til staðar í 17. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, sem kveður á um að hvers konar mismunun á grundvelli kyns er varðar aðgang að eða afhendingu á vöru sem og aðgang að eða veitingu þjónustu sé óheimil.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 85/2018 er óheimilt að láta einstaklinga gjalda þess að kvartað hafi verið undan eða mismunun kærð vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna eða leiðréttingar krafist á grundvelli laganna. Í skýringum með framangreindu ákvæði í frumvarpi því er varð að framangreindum lögum kemur fram að ákvæðinu sé þannig ætlað að veita einstaklingum sem kvarta undan eða kæra mismunun vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna tiltekna vernd sem og þeim er krafist hafa leiðréttingar á grundvelli þess. Einnig er lögum ætlað að koma í veg fyrir að óviðkomandi aðilar verði látnir gjalda þess að kvartað hafi verið undan eða mismunun kærð eða krafist leiðréttingar á grundvelli ákvæða laganna. Samkvæmt ákvæðinu er því óheimilt að láta einstaklinga gjalda þess að kvartað hafi verið, kært eða krafist leiðréttingar á grundvelli laganna.

Ákvæði þetta er sambærilegt 9. gr. tilskipunar 2000/43/EB. Ákvæði þetta á sér auk þess fyrirmynd í 27. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, sbr. 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Það ákvæði var nýmæli í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, en slíkt ákvæði þótti nauðsynlegt til að ákvæði laganna yrðu virk á þann hátt að sá sem teldi sig misrétti beittan gæti leitað réttar síns án þess að eiga á hættu neikvæðar afleiðingar.

Í skýringum við 13. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 85/2018 kemur fram að það verði að ætla að hið sama gildi um kvartanir, kærur eða kröfur um leiðréttingu á grundvelli þess frumvarps. Eigi ætlað brot skv. 1. mgr. ákvæðisins sér stað meira en einu ári eftir að kvörtun, kæra eða krafa um leiðréttingu kom fram á grundvelli laganna verður þó ekki litið svo á að um brot skv. 1. mgr. hafi verið að ræða.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að vernd gegn órétti muni ekki einungis gilda vegna kynþáttar og þjóðernisuppruna heldur jafnframt vegna trúar, lífsskoðunar, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og kyntjáningar. Þannig verði óheimilt að láta einstaklinga gjalda þess að kvartað hafi verið undan eða mismunun kærð vegna allra framangreindra mismununarþátta eða krafist leiðréttingar á grundvelli ákvæða frumvarpsins.

Um 7. gr.

10. gr. laga nr. 85/2018, um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, sbr. g-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/43/EB, kveður á um að hvers kyns mismunun vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna sé óheimil þegar kemur að menntun. Framangreint ákvæði á sér fyrirmynd í 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en efnislega sambærilegt ákvæði hefur verið í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 1991. Orðalag 28. gr. laga nr. 10/2008 var uppfært í nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Þannig var hugtakið „uppeldisstofnun“ fellt úr lögum enda um gamalt hugtak að ræða og orðunum „öðrum menntastofnunum“ var bætt við 1. mgr. Með því var verið að tryggja að ákvæðið nái einnig yfir annað nám, meðal annars listnám og framhaldsfræðslu. Einnig var hugtakinu „frístundaheimili“ bætt við 1. mgr. og er það í samræmi við breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 sbr. lög nr. 76/2016. Enn fremur var mismunun á grundvelli kyns í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi bönnuð á skýrari hátt. Tekið var fram í skýringum með ákvæðinu í frumvarpinu að félagsmiðstöð félli meðal annars undir æskulýðs- og tólmstundastarf. Með frumvarpi þessu er lagt til að orðalag ákvæðis 10. gr.

laga nr. 85/2018 verði uppfært með sama hætti og verði samræmt 21. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Í frumvarpi þessu er einnig lagt til að framangreindu ákvæði verði breytt þannig að það gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna þegar kemur að menntun heldur einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Þannig er lagt til að hvers kyns mismunun vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar verði óheimil í skólum, öðrum menntastofnunum, á frístundaheimilum og í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi og skuli þess gætt í námi og kennslu, þjálfun, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur á öllum skólastigum og iðkendur. Markmið þessa ákvæðis er meðal annars að leggja áherslu á mikilvægi þess að ná fram jafnri meðferð í öllu skólasterfi óháð framangreindum mismununarþáttum.

2. mgr. 10. gr. laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, kveður á um að kennslu- og námsgögn skuli vera þannig úr garði gerð að hvorki sé mismunað á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna né að þau séu einstaklingum af tilteknum kynþætti og þjóðernisuppruna til minnkunar eða lítilsvirðingar. Í frumvarpi þessu er enn fremur lagt til að kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að ekki eingöngu skuli þau ekki mismuna á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna, heldur ekki heldur á grundvelli trúar, lífsskoðunar, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar og að þau skuli ekki vera einstaklingum vegna allra framangreindra mismununarþátta til minnkunar eða lítilsvirðingar.

Ákvæðinu er ætlað að vera til fyllingar lagaákvæða í öðrum lögum sem fjalla um vernd á þessu sviði á grundvelli þeirra þátta sem frumvarp þetta tekur til. Má þar til dæmis nefna 13. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, þar sem kveðið er á um að fötluð börn skulu hafa raunverulegan aðgang að og njóta menntunar, þjálfunar og tómstunda. Þess má jafnframt geta að í 16. gr. sömu laga er meðal annars sérstaklega fjallað um skyldu sveitarfélaga til að bjóða fötluðum börnum og ungmönnum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur og 18. gr. sömu laga fjallar sérstaklega um rétt fatlaðra barna til að eiga kost á að komast í sumardvöl að heiman eins og önnur börn. Enn fremur má nefna 24. gr. laga um grunnskóla þar sem segir að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Ákvæði þessu er ekki ætlað að hafa áhrif á skipulag skólakerfisins eða starfsemi skóla almennt, þ.m.t. á efni aðalnámskrár á öllum skólastigum. Þannig er frumvarpi þessu ekki ætlað að hafa áhrif á trúarbragðakennslu eða atburði á vegum skólans tengdum kristilegum trúarhátíðum eða hátíðum annarra trúarbragða eða lífsskoðana, á aldursskiptingu eftir árgöngum eða aðra aldurs- eða hópaskiptingu sem tíðkast í menntakerfinu og í íþrótta- og æskulýðsstarfi, eða að tilteknar skipulagðar vettvangsferðir séu einungis í boði fyrir nemendur í tilteknum aldurshópum svo að dæmi séu nefnd.

Um 8. gr.

Í lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018, er í 11. gr. kveðið á um að auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skuli sjá til þess að auglýsingin sé einstaklingum af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar eða stríði á nokkurn hátt gegn jafnri meðferð óháð kynþætti og

þjóðernisuppruna. Þá er gert ráð fyrir að óheimilt verði að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.

Ákvæðið á sér fyrirmynd í 29. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, sbr. 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Efnislega sambærilegt ákvæði hefur verið í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 1976 enda þótt skerpt hafi verið á efni þess í gegnum tíðina. Þykir mikilvægt að ákvæðið nái bæði til auglýsanda og þess sem hannar eða birtir auglýsingu svo að hvor um sig verði þar með ábyrgur fyrir sinni aðkomu að auglýsingunni. Jafnframt er talið nauðsynlegt að ákvæðið nái einnig til birtingarinnar sem slíkrar til að unnt verði að stöðva birtingu auglýsingar uppfylli hún ekki þau skilyrði sem sett eru í ákvæðinu. Í þessu sambandi er ekki gert ráð fyrir að það skipti máli hvar auglýsingin birtist, svo sem í dagblöðum, tímaritum, á auglýsingaspjöldum, í kvikmyndum, útvarpi, sjónvarpi eða á netmiðlum. Einnig er gert ráð fyrir að ljósaskilti og auglýsingar í verslunum eða á vörum teljist til auglýsinga í þessu sambandi þótt þær birtist ekki í fjölmiðlum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðið fjalli ekki eingöngu um kynþátt og þjóðernisuppruna í þessu samhengi heldur að auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skuli einnig sjá til þess að auglýsingin sé einstaklingum með tiltekna trú eða líffsskoðun, af tilteknum aldri eða vegna fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar, ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar eða stríði á nokkurn hátt gegn jafnri meðferð óháð framangreindum þáttum.

Um 9. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að verði frumvarpið samþykkt taki lögin þegar gildi. Þó er jafnframt lagt til að ákvæði laga þessara skuli ekki gilda um mismunandi meðferð á grundvelli aldurs, sbr. 1. mgr. 1. gr., fyrr en 1. júlí 2023. Er þetta lagt til þannig að nægur tími gefist til að fara yfir aldurstengd ákvæði í öðrum lögum, stjórnvaldsfyrirmælum, reglugerðum, reglum og samningum og gera breytingar á þeim, ef þörf krefur, til samræmis við ákvæði frumvarps þessa. Þess má geta að þetta er í samræmi við gildistöku laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, en þá tók bannið við mismunandi meðferð á grundvelli aldurs ekki gildi fyrr en einu ári síðar en önnur ákvæði frumvarpsins vegna sömu ástæðu.

Um 10. gr.

Lagðar eru til breytingar á lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, sem þykja nauðsynlegar í kjölfar frumvarps þessa sem og laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, laga um jafna stöðu og jafna meðferð kynjanna, nr. 150/2020 og laga um stjórnýslyu jafnréttismála, nr. 151/2020.

Um a-lið. Lögð er til breyting á 4. tölul. 3. gr. laga nr. 86/2018 á skilgreiningu hugtaksins *áreitni* í samræmi við skilgreiningu hugtaksins *áreitni* í frumvarpi þessu, sbr. b-lið 3. gr. sem og til samræmis við skilgreiningu hugtaksins *kynbundin áreitni* í lögum nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. Vísað er til skýringa við 3. gr. frumvarps þessa til nánari skýringar.

Lögð til breyting á 12. tölul. 3. gr. laga nr. 86/2018 á skilgreiningu hugtaksins *kynvitund*. Hún felst í því að með kynvitund sé átt við upplifun einstaklings af eigin kyni og skilgreining hans á því. Þetta er lagt til í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu *kynvitund* í b-lið 3. gr. frumvarps þessa sem og í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019. Vísað er til skýringa við 3. gr. frumvarps þessa til nánari skýringar.

Lögð er til breyting á 13. tölulið 3. gr. laga nr. 86/2018 á skilgreiningu hugtaksins *kyneinkenni*. Hún felst í því að með kyneinkennum sé átt við líffræðilega þætti sem tengjast kyni, svo sem kynlitningar, hormónastarfsemi, kynkirtlar og kynfæri. Þetta er lagt til í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu *kyneinkenni* í c-lið 3. gr. frumvarps þessa sem og í samræmi við 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019. Vísað er til skýringa við 3. gr. frumvarps þessa til nánari skýringar.

Lög er til breyting á 14. tölul. 3. gr. laga nr. 86/2018 á skilgreiningu hugtaksins *kyntjáning*. Hún felst í því að með kyntjáningu sé átt við félagslega tjáningu einstaklings á kyni sínu. Þetta er lagt til í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu *kyntjáningu* í c-lið 3. gr. frumvarps þessa sem og í samræmi við 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019. Vísað er til skýringa við 3. gr. frumvarps þessa til nánari skýringar.

Lagt er til að nýrri skilgreiningu sé bætt við orðskýringaákvæði 3. gr. laga nr. 86/2018, þ.e. á hugtakinu *fjölþætt mismunun*. Lagt er til að með fjölþættri mismunun verði átt við þegar einstaklingi er mismunnað á grundvelli fleiri en einnar mismununarástæðu sem nýtur verndar samkvæmt lögum þessum, lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Fjölþætt mismunun getur annaðhvort verið samtvinnuð þannig að tvær eða fleiri mismununarástæður skapi sérstakan grundvöll mismununar eða verið tvöföld/margföld þannig að mismununin sé vegna tveggja eða fleiri sjálfstæðra mismununarástæðna. Þetta er lagt til í samræmi við c-lið 3. gr. frumvarps þessa og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Vísað er til skýringa við 2. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 150/2020, til nánari skýringar á fjölþættri mismunun.

Lagt er til að annarri nýrri skilgreiningu sé bætt við orðskýringarákvæði 3. gr. laga nr. 86/2018, þ. e. á hugtakinu *fatlað fólk*: Til *fatlaðs fólks* telst samkvæmt frumvarpi þessu fólk með langvarandi líkamlega, geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun sem verður fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra ef aðstoðar nýtur ekki við, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Um b-lið: Lagðar til tvær breytingar á 1. mgr. 7. gr. laga nr. 86/2018. Annars vegar er lagt til að fyrir aftan 1. málsli. bætist við nýr málsliður, sem verður að 2. másl., sem orðast svo: Fjölþætt mismunun er einnig óheimil. Þetta er lagt til svo að skýrt verði kveðið á um að fjölþætt mismunun sé óheimil í lögum nr. 86/2018 og er það í samræmi við 4. gr. frumvarps þessa og til áréttingar á 16. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Um nánari umfjöllun um fjölþætta mismunun vísast til skýringa með 16. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 150/2020. Hins vegar er lagt til að við í 1. mgr. 7. gr. laganna, bætist við nýr málsliður, sem orðast svo: Neitun um viðeigandi aðlögun, sbr. 10. gr. telst jafnframt mismunun. Þetta er lagt til í því skyni að skýrt verði kveðið á um að neitun um viðeigandi aðlögun vegna fötlunar, sbr. 10. gr. laga nr. 86/2018 teljist til mismununar og er þetta samræmi við 4. gr. frumvarps þessa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að innan árs frá gildistöku laga þessara skal ráðherra skipa starfshóp til að fjalla sérstaklega um mismunun vegna tengsla (e. discrimination by association) og mögulegar tillögur til breytinga á lögum þessum og lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, í tengslum við þessar háttar mismunun. Skal starfshópurinn skila niðurstöðu til ráðherra svo fljótt sem verða má eftir að hann tekur til starfa. Í starfshópnum skulu meðal annars eiga sæti

fulltrúar frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, samtökum atvinnurekenda, heildarsamtökum launafólks og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Mismunun vegna tengsla er það þegar einstaklingi er mismunað vegna þess að einhver honum tengdur hefur einhver þau persónueinkenni að bera sem frumvarpið tekur til. Sem dæmi um mismunun vegna tengsla á vinnumarkaði væri til dæmis ef hæfasti umsækjandinn í starf væri ekki ráðinn eingöngu vegna þess að viðkomandi á fatlað barn eða á maka af erlendum uppruna. Sem dæmi um mismunun vegna tengsla utan vinnumarkaðar væri ef einstaklingi væri meinað að leigja húsnæði því fjölskyldumeðlimur hans er samkynhneigður. Noregur hefur nýlega lögfest bann við mismunun vegna tengsla bæði innan og utan vinnumarkaðar í sína mismununarlöggjöf (Lov om likestilling og forbud mot diskriminering).